

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 124/2006

frá 22. september 2006

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2005 frá 21. október 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/40/EB frá 29. apríl 2004 um lágmarkskröfur varðandi öryggi og hollustu að því er varðar váhrif sem starfsmenn verða fyrir af völdum eðlisfræðilegra áhrifavalda (rafsegulsviðs) (18. sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) ⁽²⁾, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 184, 24.5.2004, bls. 1.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 16jb (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/10/EB) í XVIII. viðauka við samninginn:

„16jc. **32004 L 0040:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/40/EB frá 29. apríl 2004 um lágmarkskröfur varðandi öryggi og hollustu að því er varðar váhrif sem starfsmenn verða fyrir af völdum eðlisfræðilegra áhrifavalda (rafsegulsviðs) (18. sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) (Stjtið. ESB L 159, 30.4.2004, bls. 1), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 184, 24.5.2004, bls. 1.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2004/40/EB, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 184, 24.5.2004, bls. 1, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 23. september 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 14, 19.1.2006, bls. 22, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 4, 19.1.2006, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 159, 30.4.2004, bls. 1.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.